

Hafnarfjarðarbær  
Berglind Guðmundsdóttir  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 7. júlí 2022  
UST202206-194/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Lýsing – Deiliskipulag - Snókalönd - Hafnarfjarðarbær**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 21. júní þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði við Snókalönd við Bláfjallaveg.

Í greinargerð kemur fram að árið 2019 fékk fyrirtækið Basecamp Iceland ehf. stöðuleyfi frá Hafnarfjarðarbæ til að kanna hvort forsendur væru fyrir uppbyggingu á aðstöðu til norðurljósa- og stjörnuskoðunar í gömlu hraunnámunum við Snókalönd og uppbyggingu lauk fyrir árslok sama ár og svæðið þá tilbúið til móttöku viðskiptavina. Auk þess kemur fram að aðsóknin í aðstöðuna var góð og eftir að starfsemi hófst varð ljóst að útivistarfólk á svæðinu hefur einnig áhuga á að nýta sér þjónustu á þessu svæði og vegna aukinna fjölda notenda krefst því frekari uppbyggingar innviða svæðisins.

Einnig kemur fram að við undirbúning að gerð deiliskipulagsins, þarf að skoða hverjar áherslurnar eiga að vera innan svæðisins og meta þarf hvort þjónusta eigi eingöngu þá sem hafa áhuga á norðurljósum og stjörnuskoðun eða hvort einnig eigi að þjónustu þá sem stunda útivist á svæðum í kring.

Í lýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið kom fram að viðfangsefni deiliskipulagsins verður m.a. að útfæra bílastæði, afmarka byggingarreiti og útfæra skilmála fyrir byggingar og starfsemi innan svæðisins.

### **Hraun**

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið að svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og mikilvægt er að ofangreint ákvæði laganna komi fram í greinargerð lýsingar og tillögunnar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að hraunsvæðið sé þegar raskað vegna efnistöku. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast frekara rask á hrauninu sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef

tillagan gerir ráð fyrir röskun á óröskuðu hrauni þurfi að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti þá röskun, rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

### **Rask og frágangur**

Í greinargerð kemur fram að við Snókalönd séu gamlar hraunnámur. Umhverfisstofnun bendir á að við frágang umræddra námasvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem má nálgast á vefsíðunni [namur.is](http://namur.is).

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*